

Inngangur

... Þannig leið þessi ógnarnótt: Hyldýpi eyndar, þar sem aðeins grillti í trú og von gegnum blóðhlaupið myrkið eins og stjörnur í órafjarska: freðna og glóandi hnetti, sem vorir villuráfandi draumar og döpru jarðnesku sjónir hvarfla um í hálfri örvænting brigðulla vafurvona.¹

Morð, forboðin ást og harðsvíruð átök við sannleikann – „hyldýpi eyndar“ – slík eru viðfangsefni Gunnars Gunnarssonar í *Svartfugli*. Sagan er ofin í kringum eitt af þekktari sakamálum Íslandssögunnar, morðin á Sjöunda í upphafi níttjándu aldar, og hefur hún verið talin til merkustu verka höfundarins – jafnvel hápunkturinn á hans ferli.² Verkið á sér talsverða rannsóknarsögu og hefur fjölbreytilegum hliðum þess verið gerð skil í umfjöllun ýmissa fræðimanna. Helsta einkennið á rannsóknarsögu *Svartfugls*, og raunar höfundarverks Gunnars í heild, virðist einmitt liggja í þeim margslungnu vinklum sem við er að eiga og vandanum sem blasir við þegar reynt er að festa hendur á höfundi og verkum hans.

Eins og öll helstu verk Gunnars er *Svartfugl* til í mismunandi útgáfum. Bókin kom fyrst út á dönsku 9. nóvember 1929 en íslensk þýðing Magnúsar Ásgeirssonar kom út 1938, tæpum áratug síðar. Íslensk útgáfa með eigin orðum höfundar leit svo dagsins ljós 1972.³ Umfjöllun um söguna krefst þess því að tekin sé afstaða til textanna. Er einn þeirra réttþærri en aðrir eða er ef til vill nauðsyn að hafa þá alla til hliðsjónar? Bókmenntasöguleg nálgun verður að sjálfsögðu að taka tillit til sögu verksins í heild og mun það gert hér. Beinar tilvitnanir í texta sögunnar eru þó sóttar í íslenska útgáfu Gunnars enda ljóst að honum var sjálfum mikilvægt að færa Íslendingum verk sín með eigin orðum auk þess sem auðugur og sérstakur íslenskur ritstíll hans nýtur sín líklega betur í *Svartfugli* en nokkru öðru verka hans.⁴

Hér verður saga verksins rakin sem og viðtökur hinna ýmsu útgáfna eins og þær hafa birst í ritdómum og skrifum fræðimanna. Hefðbundin túlkun bókarinnar sem tilvistarstefnulegs verks verður skoðuð og tengsl þess við ævisögu skáldsins. Þá verður staða *Svartfugls* innan höfundarverks Gunnars könnuð og fjallað um það sem brú milli tveggja sagnabálka, *Fjallkirkjunnar* annars vegar og hins vegar verka hans sem sækja efni sitt í sögu Íslands. Loks verður gefinn gaumur að þeirri hugmynd að *Svartfugl* sem persónulegt einkennisverk höfundar síns geti verið lykillinn að samhenginu í bókmenntum Gunnars Gunnarssonar.

1 Gunnar Gunnarsson 2001:199.

2 T.d. Halldór Guðmundsson 2006:165.

3 Sveinn Skorri Höskuldsson 1978:252.

4 T.d. Soffía Auður Birgisdóttir 1999:136-137; Jón Yngvi Jóhannsson 2001a:10.

Saga og viðtökur

Margvíslegar skoðanir eru til á því hvenær íslenskar nútímabókmenntir hefjast og verður sú spurning ekki leidd til lykta hér. Aftur á móti er ljóst að helstu verk Gunnars Gunnarssonar komu út í nánd við það tímabil þar sem íslenskir bókmenntafræðingar vilja gjarnan staðsetja upphaf nútímans, það er á tuttugustu öld fram til 1930 og er þá líklega oftast miðað við fullveldisárið 1918, þó að skoðanir séu skiptar eins og áður segir.⁵ Á þessum tíma spretta fram ungir og öflugir höfundar eins og Halldór Laxness og Þórbergur Þórðarson – og Davíð Stefánsson verður metsöluhöfundur með ljóðabók sinni *Svörtum fjöðrum* 1919 svo einhver dæmi séu tekin. Þegar talað er um Gunnar Gunnarsson er líklega mikilvægara að nefna þessi bókmenntasögulegu skil til sögunnar en að merkja þau með tilteknu ártali því að skynsamlegast virðist að tengja hann skilunum sjálfum fremur en fortíðinni eða nútímanum. Sú niðurstaða verður látin duga hér enda hafa verk Gunnars, þar á meðal *Svartfugl*, einkenni sem vísa í báðar áttir á tímaás íslenskrar bókmenntasögu. Þar má jafnt greina einkenni íslenskrar sveitameningar og áhrif alþjóðlegra strauma í heimspeki og bókmenntum. Þrátt fyrir að þessir eiginleikar geri hann að lykilpersónu í íslenskri bókmenntasögu hefur sess hans í sögunni verið ótryggur og jafnvel hefur verið talað um hvarf verka hans inn í „hreinsunareld“ fortíðarinnar.⁶ Flestir sem gefa sér tíma til að kynna þvi sem Gunnar hefur skrifað munu þó telja þá ímynduðu bókabrennu óverðskuldaða – svo ekki sé meira sagt.

Flókin útgáfusaga *Svartfugls*, með að minnsta kosti þremur „upphaflegum“ útgáfudögum, er ekki eini vandinn sem við er að eiga þegar staðsetja á verkið í sögunni. Þar kemur einnig til að bókin er skrifuð á miklum umbrotatímum, hvort sem litið er til mannkynssögu, íslenskrar bókmenntasögu eða ævisögu skáldsins. Þorleifur Hauksson segir að stílsaga Gunnars sé svo flókin að höfundar *Íslenskrar stílfraeði* hafi beinlínis vikið sér undan að fjalla um hana. Úr því er bætt í *Sagnalist, Íslenskri stílfraeði II*, þar sem vandinn kristallast þó í því að umfjöllun um höfundarverk Gunnars dreifist milli kafla sem eru sitt hvoru megin við „upphaf íslenskra nútímabókmennta“ í umfjöllun Þorleifs.⁷ Fleiri dæmi eru um að Gunnar hafi vegna sérstöðu sinnar orðið út undan í umfjöllun um íslenskar bókmenntir.⁸

Við þetta má svo bæta að hægt er að lesa bókina eins og hún sé sjálf nokkurs konar bókmenntasaga. Ýmsir fræðimenn og gagnrýnendur hafa bent á hvernig málfar sögunnar endurspeglar ritstíl embættismanna á tíma sögunnar.⁹ Staðreyndin er sú að stór hluti hennar er þannig upp byggður að á skiptast annars vegar orðréttar tilvitnanir í upprunaleg málsskjöl og hins

5 Sbr. Ólafur Jónsson 1978; Jón Yngvi Jóhannsson 2001b.

6 Einar Már Jónsson 2006:12-30.

7 Þorleifur Hauksson 2003:104.

8 Til dæmis Heimir Pálsson 1978 þar sem Gunnars er ekki getið, sbr. Jón Yngva Jóhannsson 2001b.

9 T.d. Jón Yngvi Jóhannsson 2001a.

vegar túlkanir höfundar á því sem vitnað er til – rétt eins og í hefðbundinni umfjöllun um bókmenntasögu. *Svartfugl* sem bókmenntasaga skjalar því og dregur ályktanir af skrifum íslenskra embættismanna um aldamótin átján hundruð. Hægt er að skoða sýnishorn af málsskjölunum á vef Þjóðskjalasafns Íslands og bera við texta Gunnars í sögunni.¹⁰ Rétt er að benda á að íslensk útgáfa Gunnars frá 1971 gengur lengra en fyrri útgáfur í að fylgja málsskjölunum og er það til marks um að skáldið hafi talið mikilvægt að beita heimildum sínum af nákvæmni. Þó er atburðarásinni stundum hagrætt lítillega ef það þjónar frásögninni betur. Kynngi sögunnar vex mjög ef hún er lesin með þessa vitneskju í huga því tengingin við Eyjólf aðstoðarprest, sögumann og meintan skrifara við réttarhöldin, verður þá eins nán og hugsast getur. Eyjólfur var eins og flestar persónur *Svartfugls* raunveruleg persóna af slóðum sögunnar, þó margt í hans aðkomu sé skáldað og reyndar er ekkert sem bendir til að hann hafi verið skrifari við hin raunverulegu réttarhöld.¹¹

Danski blaðamaðurinn Frejlif Olsen hefur verið með þeim fyrstu til að komast yfir eintak af *Svartfugli* því að sama dag og bókin kom fyrst út á dönsku 9. nóvember 1929 birtist lofsamlegur ritdómur hans í *Ekstrabladet*:

Mælt á hreinan listrænan mælikvarða hefur Gunnar Gunnarsson aldrei í höfundarverki sínu risið jafn hátt og hér þar sem hann segir drungalega sögu af glæpsamlegu ástarsambandi og andstyggilegum launmorðum – og það að hluta til í formi dómsskýrslu frá réttarhöldunum. Sá meistarabragur sem er á lýsingum umhverfisins og persónanna þolir samanburð við mestu skáldsagnameistara heimsins fyrir og síðar.¹²

Danskir gagnrýnendur voru almennt á svipuðu máli og töldu bókina góða en það litla sem fundið var að henni laut að þeirri miklu svartsýni sem birtist í henni.¹³ Ekki er hægt að neita því að myrkrið er oft og tíðum yfirþyrmandi í *Svartfugli* og það „hyldýpi eymdar“ sem áður hefur verið vísað til vofir alltaf yfir.

Samskipti Gunnars við Ísland höfðu um þetta leyti verið stíð um nokkurt skeið en 1922 hafði Einar Benediktsson ráðist að honum með fremur öfgafullum skrifum í *Skírni* þar sem hann taldi dansk-íslenska höfundinn „gersneyddan þeim hæfileikum, er ráða mestu um gildi skáldskapar“ og megineinkenni hans „ákvarðast [...] af því, sem hann skortir að anda, málsmennt og smekkvísi“. Svæsnar ritdeilur hlutust af þessu en þær enduðu með því að Gunnari var nóg boðið og sagði hann sig úr Hinu íslenska bókmenntafélagi.¹⁴

Fyrstur til að taka upp hanskann fyrir Gunnar í ritdeilunum 1922 var Jakob Jóh. Smári¹⁵ og hann skrifaði einnig einn fyrsta íslenska ritdóminn um *Svartfugl* í *Eimreiðina* 1930. Þar fjallar hann

10 Sjá Þjóðskjalasafn Íslands 2002.

11 Sveinn Skorri Höskuldsson 1978:255-256.

12 Frejlif Olsen. *Ekstrabladet*. 1929. Tilvitnað eftir Jóni Yngva Jóhannssyni 2001a.

13 Jón Yngvi Jóhannsson 2001a.

14 Einar Benediktsson 1922:81; Halldór Guðmundsson 2006:191-193.

15 Jakob Jóh. Smári 1922.

einnig um smásagnasafn Gunnars, *En Dag tilovers og andre historier*, sem fær heldur slæma dóma en *Svartfugl* þykir honum miklu betri. Hann segir að frásögnin af sakamálinu sé gerð „af all-mikilli list“ og að þessi sögulega skáldsaga „sem mikill fengur er í“ þurfi fyrir hvern mun að komast á íslensku.¹⁶ Ekki varð honum að þeirri ósk fyrr en tæpum áratug síðar en hlé varð á íslenskri útgáfu bóka Gunnars á árunum 1922 til 1938 þrátt fyrir að hann nyti mikilla vinsælda erlendis á þeim tíma. Skrif Einars Benediktssonar og deilurnar sem af hlutust áttu vafalaust mikinn þátt í því.

Guðmundur Gíslason Hagalín tók enn dýpra í árinna er hann hlóð bókina lofi í ritdómi sínum sem einnig birtist 1930. Þar er heldur betur annað uppi á teningnum en í umræðunni frá 1922 þar sem Gunnari var einna helst fundið til foráttu að vera óíslenskur, en Guðmundur segir *Svartfugl* svo íslenskt skáldrit að annar en Íslendingur hefði ekki getað skrifað það. Þá dáist hann mjög að persónusköpun í sögunni og þeirri mynd sem dregin er upp af mannlegum harmleik.

Og harmleikur sá, sem frá er sagt, er skráður óafmáanlega í minni lesandans – enda er yfir allri bókinni skelfingarblandin, djúp, en þó hálfvegis barnsleg lífsalvara. Að minni hyggju er þetta mesta og bezta verk Gunnars Gunnarssonar og sannarlega þess vert, að það væri þýtt á íslensku.¹⁷

Athyglisvert er að þær drungalegu tilfinningar sem danskir gagnrýnendur settu helst út á verða með augum Guðmundar einn helsti styrkur bókarinnar. Þetta er reyndar ekki í fyrsta sinn sem hann heillast af framsetningu þunglyndislegra aflu í ritdómum sínum. Í umsögn sinni um *Svartar faðrir* Davíðs Stefánssonar sem birtist 14. ágúst 1920 fannst honum mikilsverðastur „hinn heiti, þunglyndisblandni tilfinningastraumur“ er rann í gegnum verk skáldsins frá Fagraskógi.¹⁸

Íslenskir bókmenntaspekingar fengu nýtt tækifæri til að tjá viðbrögð sín við *Svartfugli* þegar íslensk þýðing Magnúsar Ásgeirssonar kom út hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu 1938. Þar með var rofið hið langa hlé í þýðingum á verkum Gunnars á íslensku en þess má geta að sagan hafði verið þýdd á ýmis önnur tungumál í millitíðinni, sænsku (1930), hollensku (1930), eistnesku (1935) og ítölsku (1936).¹⁹

Af þessu tilefni skrifar Símon Jóh. Ágústsson heilmikla umsögn um bókina og sparar ekki stóru orðin. Símon hrósar þýðingu og málfari í hástert og dregur svo saman atburðarás sögunnar og persónur með stíl af því tagi að ritdómurinn verður sjálfur eins og hálfgerð Íslendingasaga.

Annar bóndinn hét Jón Þorgrímsson. Var hann væskilmenni, en Steinunn var mjög fríð sýnum, kvenskörungur hinn mesti og skapstór, vel greind og furðu vel að sér í kvenlegum hannyrðum. [...] Hinn bóndinn hét Bjarni Bjarnason. Var hann hið mesta karlmenni, stórskorinn og sviptomikill. Átti hann konu þá, er Guðrún hét. Var hún ístöðulítill, heilsuveil og lítill fyrir mann að sjá.²⁰

16 Jakob Jóh. Smári 1930:103.

17 Guðmundur Gíslason Hagalín 1930:89-90.

18 Guðmundur Gíslason Hagalín 1920. Tilvitnað eftir Þorleifi Haukssyni 2003:133.

19 Sjá Gunnarsstofnun [ár vantar].

20 Símon Jóh. Ágústsson 1938.

Í meðförum Símonar eru morðingjarnir, Bjarni og Steinunn, hinar ótvíræðu hetjur sögunnar rétt eins og hverjar aðrar fornhetjur sem vega mann og annan og það alldrengilega en fórnarlömb þeirra eru heldur aumar mannverur. Spurningin sem vofir yfir lesandanum er hvort Eyjólfur hafi breytt rétt með því að knýja þau til játningar – og á því leikur töluverður vafi. Þegar kemur að leiðarlokum er sagt um Bjarna að þá „varð hann hið karlmannlegasta við dauða sínum“ en þrátt fyrir hrifningu sína á sögunni þykir Símoni eftirmæli Steinunnar ekki nógu glæst hjá Gunnari og skýtur inn að samkvæmt munnmælum hafi Friðrik Tampe stiftamtanni fundist svo mikið til um vænleika Steinunnar að þegar henni var synjað um náðun hafi hann útvegað henni eitru til að koma henni undan aftöku. Ekkert kemur fram um þetta í sögunni. Niðurstaða Símonar er háfleyg:

Ég mun varla einn um þá skoðun, að Svartfugl sé sennilega hin bezta skáldsaga, sem birt hefir á íslensku eftir íslenskan höfund. Væri vel farið, ef útkoma þessarar bókar á íslensku yrði til þess að fleiri rit Gunnars Gunnarssonar kæmu út á voru máli í vönduðum þýðingum og snotrum útgáfum. Þó að það sé meira en meðalskömm, virðast Íslendingar enn ekki hafa komið auga á, hvílíkur snillingur Gunnar Gunnarsson er, þegar honum tekst bezt. Er það ósk mín, að útgáfa þessarar ágætu bókar yrði til þess, að Íslendingar ynnu bug á tómlæti sínu gagnvart sínum frægasta rithöfundi, og kendi þeim að meta hann að verðleikum.²¹

Þessi umsögn er raunar svo afgerandi að trúverðugleiki hennar líður fyrir það að einhverju leyti, sérstaklega ef hún er lesin með það í huga að dómurinn birtist í *Alþýðublaðinu* og fjallaði um fyrstu bókina í útgáfustarfi Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Þó engin ástæða sé til að efast um að Símon hafi talið bókina þýðisgóða hafa samfélagsleg tengsl eflaust átt einhvern þátt í að gagnrýnin varð jafnstórórð og raun ber vitni. Þegar bókin kom svo út í heildarsafni verka Gunnars, Landnámuútgáfunni, birti *Alþýðublaðið* nýjan dóm um bókina, ekki síður jákvæðan, en sá athyglisverði munur var þá á að við hin íslensku einkenni, sem voru allsráðandi í fyrri umfjöllun, hafði bæst alþjóðleg snilld. Bókin var þá sögð „rammíslensk að efni, en byggð og rituð af snilld, sem ekki getur markazt af þjóðerni eða landamærum“.²²

Síðasta hluta ævi sinnar notaði Gunnar til að koma sínum helstu verkum á íslensku með eigin orðum þrátt fyrir að þegar væru til vandaðar þýðingar á þeim. Þetta var honum mikið kappsmál og virðist sem höfundurinn hafi í einhverjum skilningi viljað endurheimta þjóðerni sitt eftir farsælan feril erlendis þar sem danskan hafði verið hans tjáningarmiðill. Slík endurútgáfa af *Svartfugli* kom út 1971 þegar skáldið var á gamals aldri en Gunnar lést 21. nóvember 1975. Þessar nýju útgáfur eru oft talsvert breyttar frá upprunalegum þýðingum og er eðlilegra að tala um endurrítanir en nýjar þýðingar. Viðtökur á þessum endurrítunum hafa verið nokkuð blendnar og Halldór Laxness taldi jafnvel að ný útgáfa *Fjallkirkjunnar* væri ólesandi. Víst er að íslenskur stíll Gunnars er sérstakur og allumbúðamikill en á það hefur verið bent að slík frásagnaraðferð fellur oft þýðisvel að

21 Símon Jóh. Ágústsson 1938.

22 Helgi Sæmundsson 1950.

viðfangsefnum hans – ekki síst í *Svartfugli* þar sem kuldalegur og umfangsmikill drungi íslensks réttarkerfis hvílir yfir atburðarásinni.²³

Á heildina lítið er ekki hægt að segja annað en að viðtökur við *Svartfugli* hafi að mestu leyti verið á einn veg – afar jákvæðar. Hitt er annað mál að umkvartanir sumra danskra gagnrýnenda þess efnis að sagan sé þunglyndisleg eru ekki úr lausu lofti gripnar því lítið er um gleði og von innan um eynd og volæði atburðarásarinnar. Þar með er þó ekki sagt að um afstöðuleysi sé að ræða því í henni felst hávær krafa um að lesandinn skynji ábyrgð sína gagnvart náunganum – og að harmur mannkyns komi öllum við. Hugmyndir af þessu tagi sem birtast í kristinni trú og tilvistarheimspeki hafa einmitt verið taldar lykkill að skilningi á *Svartfugli*.

Sekt og samhengi

Í grein sinni, „Synd er ekki nema fyrir þræla“ sem birtist 1978 í *Skírni*, fjallar Dagný Kristjánsdóttir um þá sýn á *Svartfugl* sem birst hefur í skrifum fræðimanna um verkið og ber saman greiningu þriggja bókmenntafræðinga. Hún segir óhætt að fullyrða að komin sé fram vísir að „hefðbundnum skilningi“ á sögunni þar sem þessum greiningum ber að miklu leyti saman. Þessi skilningur felur í sér hugmyndir um samsekt og samábyrgð allra manna í anda tilvistarheimspeki og að Eyjólfur sögumaður sé talsmaður höfundar um þennan boðskap. Stellan Arvidson setur þennan skilning fram 1959 og er ekki hægt að segja að umfjallanir Kristins E. Andréssonar frá 1971 eða Fríðu Sigurðardóttur frá 1973 víki þar frá að verulegu leyti. Dagný mótmælir þessum skilningi ekki en bendir á að jafnmargslungið verk og *Svartfugl* hljóti að vera hægt að lesa á fleiri vegu. Hún vinnur út frá þeirri hugmynd að bókin feli í sér tvöfalda atburðarás, annars vegar af yfirstéttarmanninum Eyjólfu og hins vegar af fátæklingunum Bjarna og Steinunni, þar sem „félagsleg uppreisn“ þeirra síðarnefndu verður til þess að yfirstéttin beitir hörku til að gæta eigin hagsmuna. Fátæklingunum er „blótað yfirstéttinni“ sem hefur einkaleyfi á því að sveigja boð og bönn samfélagsins.²⁴

Það er raunar með ólíkindum hvað frásagnaraðferð Gunnars nær að skapa mikla samúð með glæpamönnunum í *Svartfugli*, Bjarna og Steinunni. Samúðin lætur hvergi undan og þó ótvírætt komi fram að þau séu sek um skelfilegan glæp, tvöfalt morð, finnur fræðimaður í nútímanum sig knúinn til að lýsa athæfi þeirra með orðalaginu „félagsleg uppreisn“. Sú greining er alls ekki fráleit þar sem stéttir samfélagsins standa andspænis hver annari í sögunni, en orðalagið hljómar ótrúlega vægt með hliðsjón af atburðunum sem fjallað er um. Orðalag Dagnýjar gengur þó ekki eins langt og fyrrnefndur ritdómur Símonar Ágústssonar þar sem morðingjarnir eru beinlínis hetjur. En hvað sem líður samkennd lesanda með sakborningum er líka ástæða til að spyrja sig hvort Eyjólfur

23 Soffía Auður Birgisdóttir 1999:134-136.

24 Dagný Kristjánsdóttir 1978:77-81.

sögumaður tilheyrir í raun yfirstéttinni í átökum sögunnar, þó hann geri það á yfirborðinu vegna stöðu sinnar sem prestur. Þvert á móti virðist guðsmaðurinn Eyjólfur eiga erfitt með samræma skyldur sínar við yfirstéttina, þar sem Scheving sýslumaður er fremstur í flokki, og sóknarbörn sín, fátæklingana. Það má líta svo á að trúarsannfæring aðstoðarprestsins sé tilraun til að setta ósættanlegar andstæður – og hún stilli honum upp milli steins og sleggju. Hlutverk hans er að vera sáttasemjari stríðandi hópa sem hann nær ekki að tilheyra sjálfur nema að hluta til. Í sögunni má sjá ýmis merki um að venjubundin stéttskipting sé óskýr í huga Eyjólfs, til dæmis þegar Bjarni kemur með kistu sona sinna til kirkju og Eyjólfur bendir honum að bera hana inn í kórinn. Bjarna rekur í rogastans við þessa bendingu:

Það runnu á hann tvær grímur:
Hér er það aðeins siður með heldra fólk, lét hann mig vita.
Þetta á þó að heita *min* kirkja eða hvað? andæfði ég hastur.
Honum varð þrástarað á mig.²⁵

Ef meginboðskapur *Svartfugls* felur í sér að allir menn beri sameiginlega ábyrgð hver á öðrum er vert að skoða hvernig þessi hugsun birtist í sögunni. Lykilatriði í þeirri birtingarmynd hlýtur að vera sektarkennd. Í réttarhöldunum yfir Bjarna og Steinunni fær Eyjólfur það hlutverk að knýja fram játningu þeirra. Með einlægri trúarlegri sannfæringu leggur hann fast að þeim að sannleikurinn verði að koma fram en þegar þau loksins ákveða að játa á sig morðin dembist myrkrið yfir hann – hann bugast – og „flóðgáttir syndsamlegrar beiskju“ opnast í huga hans. Þegar sannleikurinn birtist, eftir eljusama baráttu Eyjólfs í viðleitni hans til að breyta rétt og kristilega, fyllist hann harmi yfir væntanlegum afleiðingunum og fyllist einnig vanmætti og blygðun. Einmitt á þessum tímamarki sögunnar nær eynd sögunnar hámarki, í lok 23. kafla þar sem morðingjarnir hafa ákveðið að játa syndir sínar. Sú nótt er Eyjólfvi óbærileg:

... Þannig leið þessi ógnarnótt: Hyldýpi eymdar, þar sem aðeins grillti í trú og von gegnum blóðhlaupið myrkrið eins og stjörnur í órafjarska: freðna og glóandi hnetti, sem vorir villuráfandi draumar og döpru jarðnesku sjónir hvarfla um í hálfri örvænting brigðulla vafurvona.²⁶

Sektarkenndin í Svartfugli, sem þarna nær hámarki, gengur óslitið í gegnum söguna og í sögulok segir Eyjólfur að það sem hann hefur skrifað séu hans skriftamál – syndajátning frá syndum hlöðnum manni. Sektin umlykur söguna í heild því hún hefst og endar í hugarangri Eyjólfs sem líður eins og guð sé að refsa sér fyrir ódæði sín með því að taka frá honum soninn Hilaríus.

Sektartilfinningar koma víða fyrir í bókum Gunnars og til að mynda sagði Stellan Arvidsson að sektarkenndin væri „prímus mótör“ í listrænu starfi hans. Menn hafa velt fyrir sér hvaðan þessi sektarkennd er sprottin og tínt til ýmsar ástæður. Arvidsson tengdi sektina við móðurmissi Gunnars

25 Gunnar Gunnarsson 2001:11.

26 Gunnar Gunnarsson 2001:199.

þegar hann var átta ára og brotthvarf hans frá Íslandi og víst er að hvort tveggja orkaði sterkt á skáldið bæði meðvitað og ómeðvitað. Aðrir hafa tekið undir þessa túlkun, meðal annars Sigurjón Björnsson sálfræðingur.²⁷

Gunnar sótti stöðugt yrkisefni í eigið líf. Fyrsta skáldsaga Gunnars, *Saga Borgarættarinnar* (1912-14), hefst til að mynda þar sem fátækum íslenskum bónda finnst hann ekki geta snúið heim því að hann hefur ekki lokið hlutverki sínu, að afla aðfanga handa vandamönnum sínum. Því næst fær lesandinn að kynnast aðalpersónunni, íslenska bóndasyninum Ormari Örlygssyni, sem hefur misst móður sína ungar og heldur til útlanda en snýr að lokum aftur. Í þessari sögu eru á ferð ýmsar misbeinar tilvísanir í ævi höfundar og fyrirætlanir. Í *Fjallkirkjunni* (1923-28) tók hann svo til við að skrásetja ævi sína markvisst – þó með skáldlegum blæ væri. Móðurmissirinn kom þar aftur við sögu með áhrifaríkum hætti og sektartilfinning kraumaði undir einlægum siðferðislegum undirtón.

Kristinn E. Andrésson freistar þess að skýra sektarkenndina í verkum Gunnars Gunnarssonar þannig að lífsábyrgðin sé höfundi „svo innrætt að til viðbótar erfðasyndinni tekur hann ósjálfrátt á sínar herðar sök hins borgaralega þjóðfélags“ og bætir við að hann líti ekki á þetta sem sök skáldsins sjálfs því Gunnar beri enga ábyrgð. Skrif Kristins um borgaralega ábyrgð og sektarkennd hjá skáldinu eru reyndar verulega lituð af samtímalegum stjórnmálum og má nefna að tengingar við stríð í Víetnam stinga svolítið í stúf við umfjöllun um skáldsögu frá 1929 jafnvel þó um líkingamál sé að ræða. Hitt er þó augljóst að mannkynssögulegir atburðir höfðu mikil áhrif á Gunnar og þá ekki síst heimsstyrjöldin fyrri og eftirmál hennar ef horft er til ritunartíma *Svartfugls*.²⁸

En er það rétt að höfundur hafi ekki sjálfur borið neina ábyrgð? Auk þess að tengja sektina við móðurmissi og sjálfskipaða útleð Gunnars hafa sumir gengið lengra í að velta fyrir sér persónulegri sekt skáldsins. Banvænar hjúskaparflækjur bændanna á Sjöunda eiga sér að einhverju leyti hliðstæðu í ástamálum Gunnars sjálfs og eru þau mál rakin í *Skáldalífi* Halldórs Guðmundssonar. Árið 1927 hóf Gunnar ástarsamband við Ruth Lange, en hann hafði þá verið giftur Franziscu Jörgensen í fimmtán ár. Ruth varð ólétt eftir Gunnar 1928 og um það leyti sem hann var að ljúka við að skrifa *Svartfugl*, þann 19. júní 1929, fæddist Grímur Gunnarsson. Meðganga sonarins og skáldverksins magnaða um forboðnar ástir féllu því saman og þó að ekki sé hægt að gera fyllilega grein fyrir tengslunum þarna á milli virðist annað fráleitt en að gera ráð fyrir að tilfinningaleg áhrif af lífsreynslu Gunnars séu samofin sögunni.²⁹

Raðað upp á tímaás kemur *Svartfugl* út þegar Gunnar hefur nýlokið við hina ævisögulegu Fjallkirkju sína og er að snúa sér að frásagnarskáldskap þar sem efniviður var sóttur í sögu Íslands. Hann taldi *Svartfugl* stundum til þessa sögulega bálks þó nú sé bókin yfirleitt talin stök innan

27 Soffía Auður Birgisdóttir 1999:138-139.

28 Kristinn E. Andrésson 1979:312-313.

29 Halldór Guðmundsson 2006:155-167.

skáldverka hans.³⁰ Það skiptir kannski ekki öllu máli hvers eðlis vensl *Svartfugls* eru við verkin sem á eftir koma eða hve náin þau eru umfram það að um sögulegar skáldsögur er að ræða. Þau eru þó til staðar að einhverju marki og benda að minnsta kosti til einhvers konar samfellu á þessu tímabili á starfsævi Gunnars.

Hitt er svo einnig áhugavert að skoða hvort um sé að ræða tengsl við undanfarandi verk, þ.e. *Fjallkirkjuna* og jafnvel *Sögu Borgarættarinnar*. Þegar hefur verið bent á hina sífellt undirliggjandi ævisögulegu þætti í bókum Gunnars. Þessa þætti má skoða til hliðsjónar af kenningum um eðli sjálfsævisöguritunar en slíkar kenningar hafa meðal annars falið í sér að rithöfundur sem sogast inn í slíka ritun geti illmögulega horfið af þeirri braut þegar á hana er komið. Þetta stafar meðal annars af sterkri hugmyndakeðju þar sem eitt leiðir af öðru og vandamálinu sem fylgir því að reka endahnút á ævisögu sem er ekki lokið – því skáldið lifir áfram og safnar að sér nýjum minningum, tilfinningum og upplifunum.³¹ Þetta hefur verið sagt um Þórberg Þórðarson³² og fleiri merka penna sem skrifað hafa um sjálfa sig og virðist ekki falla illa að því hvernig persónulegar tilfinningar Gunnars brjótast út í *Svartfugli* þrátt fyrir að hann sé „hættur“ að skrifa ævisögu sína. Ef raunin er sú að erfitt sé fyrir höfund að snúa sér að öðru eftir að hafa fjallað um sjálfan sig hljóta þau áhrif að hafa orkað að einhverju leyti á Gunnar eftir jafnmetnaðarfulla ævisöguritun og *Fjallkirkjuna*. Sé sá skilningur réttur virðist samfellan í verkum hans ekki síður tengjast því sem kom á undan *Svartfugli* en hinu sem kom á eftir og þar með er hægt að líta á bókina sem samhengisbrú innan höfundarverks Gunnars fremur en „stakt verk“.

Lokaorð

Það má velta fyrir sér þeirri hugmynd að *Svartfugl* sé brú í verkum Gunnars Gunnarssonar og rifja um leið upp það sem Stellan Arvidsson sagði um að sektarkenndin væri megineinkenni og „prímus mótör“ í rithöfundarstarfi skáldsins. Í bókinni ægir saman persónulegum tilfinningastraumi sektar og samábyrgðar, metnaðarfullri sögulegri skáldsagnaritun og stuðandi drunga mannlegrar eyndar. Gunnari tekst svo vel til í að vefa saman þessi höfuðeinkenni sín í *Svartfugli* að ef til vill á sagan ekki aðeins tilkall til að teljast hápunkturinn á ferli hans ásamt *Fjallkirkjunni*, heldur má einnig líta á hana sem lykil að samhenginu í bókmenntum Gunnars Gunnarssonar í heild.

Svartfugl er margbrotið bókmenntaverk sem á sér flókna sögu og býður upp á fjölbreytilega túlkun. Flestir sem um hana hafa ritað telja hana til höfuðverka skáldsins, jafnvel hans besta verk, og líkja henni þar með við *Fjallkirkjuna* á vogarskál bókmenntalegrar þungavigtar. Í bókinni gefur að líta sögulega sýn á íslenskt sveitasamfélag – en með augum sem hafa tileinkað sér sjónarhorn í

30 Jón Yngvi Jóhannsson 2001a:8.

31 Gunnþórun Guðmundsdóttir 2003:87-96.

32 Halldór Guðmundsson 2007.

anda alþjóðlegra menningarstrauma. Myrk atburðarás morða og kaldranalegs réttarkerfis í afskekktari sveit á Íslandi er notuð til að sýna lesanda *Svartfugls* fram á samábyrgð alls mannkyns í frásögn þar sem leitin að sannleikanum er sársaukafull og sannleikurinn sjálfur enn sársaukafyllri. Í miðri atburðarásinni, mitt á milli fátæklinga og yfirstéttar sem takast á, stendur presturinn Eyjólfur og reynir að breyta rétt með því að knýja fram játningu þeirra Bjarna og Steinunnar, en þegar því markmiði er náð rennur upp fyrir honum að þar með hefur hann orðið sóknarbörnum sínum að bana og sekkur sjálfur ofan í sálarangist og „hyldýpi eymdar“.

Gunnar átti í eilífu stríði sektarkenndar og siðferðislegra átaka vegna atburða í eigin lífi og mannkynssögunni sem blés allhvasst um Evrópu á þeim tíma sem flestar sögur hans eru ritaðar. Sjálfur stóð hann svo á mörkum tveggja heima líkt og Eyjólfur sögumaður *Svartfugls*, milli íslenskrar sveitameningar og evrópskrar borgarmeningar. Á tímatali íslenskrar bókmenntasögu stendur hann svo einnig á meginskilum, þar sem nútíminn knýr dyra. Hann lendir einnig í þeirri undarlegu stöðu að engin verka hans koma út á íslensku á árunum 1922-1938 meðan hann nýtur mikilla vinsælda erlendis og skrifar sínar bestu skáldsögur.

Skáldið reyndi eins og Eyjólfur í sögunni að bæta heiminn með því að brýna fyrir mankyninu þær skyldur sem allir menn hafa gagnvart náunga sínum. Boðskapur hans náði þó ekki eyrum Íslendinga nema að takmörkuðu leyti vegna þess að rödd hans mælti á dönsku og gildi þá einu hversu sterkar og einlæggar fyrirætlanir hans og tilfinningar voru. Vafalaust hefur það valdið honum vanlíðan og aukið á sekt hins sjálfskipaða útlaga hve lítinn áhuga landar hans sýndu honum á ritunartíma *Svartfugls*. Hver veit nema Gunnari, og ef til vill Eyjólf, hafi liðið eins og krummanum hans Davíðs í *Svörtum fjöðrum*, sem þráði ekkert frekar en að syngja þó hann hefði ekki erindi sem erfiði. Hver veit nema „blóðhlaupið myrkrið“ í *Svartfugli* hafi, beint eða óbeint, verið undir áhrifum kvæðisins um svarta fuglinn – tregafulls söngs þar sem hjartað, kvalið af löngun, brestur ...

Krunk, krunk, krá.
Sumum hvíla þau álög á
aldrei fögrum tóni að ná,
þó að þeir eigi enga þrá
aðra en þá að syngja,
fljúga eins og svanirnir og syngja.

Krunk, krunk, krá.
Fegri tóna hann ekki á,
og aldrei mun hann fegri ná.
Í kuflinum svarta hann krunka má,
uns krummahjartað brestur,
krummahjartað kvalið af löngun brestur.³³

33 Davíð Stefánsson 1919. Brot.

Heimildaskrá

- Dagný Kristjánsdóttir. 1978. „Synd er ekki nema fyrir þræla. Um þema og hneigð í Svartfugli eftir Gunnar Gunnarsson.“ *Skírnir*. 152. ár, 77-106.
- Davíð Stefánsson. 1919. „Krummi.“ Sótt 26. mars 2007 af <http://www.skaldhus.akureyri.is/ds-krummi.html> [, birtist upphaflega í *Svörtum fjöðrum* 1919.]
- Einar Benediktsson. 1922. „Landmörk íslenskrar orðlistar.“ *Skírnir* 96. ár, 117-129.
- Einar Már Jónsson. 2006. „Gunnar Gunnarsson og landnámsöldin.“ *Skírnir* 180. ár (vor), 12-30.
- Frejlif Olsen. 1929. Ritdómur um *Svartfugl* eftir Gunnar Gunnarsson. *Ekstrabladet*, 9. nóvember. Tilvitnað eftir Jóni Yngva Jóhannssyni 2001a.
- Guðmundur Gíslason Hagalín. 1920. „Þrjú skáld.“ *Austurland* 1. ár, 31. tbl.
- Guðmundur Gíslason Hagalín. 1930. Ritdómur um *Svartfugl*. *Nýjar kvöldvökur* 23. ár, 89-90.
- Gunnar Gunnarsson. 2001. *Svartfugl*. Höfundur íslenskaði. Ritroðin Íslands þúsund ár. Íslensku bókaklúbbarnir, Reykjavík. [Bókin kom fyrst út á dönsku 1929 hjá Gyldendal, Kaupmannahöfn.]
- Gunnarsstofnun. [ár vantar.] „Skrá yfir útgefnar bækur Gunnars.“ Sótt 26. mars 2007 af <http://www.skriduklaustur.is/is/sida/gunnar/bokaskra.htm>
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. 2003. *Borderlines: autobiography and fiction in postmodern life writing*. Rodopi, Amsterdam/New York.
- Halldór Guðmundsson. 2006. *Skáldalíf. Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri*. JPV, Reykjavík.
- Halldór Guðmundsson. 2007. „Er ritsnilld þroskaröskun? Um skriftsýki, Aspergerheilkenni og fleira.“ Fyrirlestur á vegum Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum. Reykjavík, 16. mars.
- Heimir Pálsson. 1978. *Straumar og stefnur í íslenskum bókmenntum frá 1550*. Iðunn, Reykjavík
- Helgi Sæmundsson. 1950. „Ritfregn: „Svartfugl“ í nýrri útgáfu.“ *Alþýðublaðið*, 10. okt.
- Jakob Jóh. Smári. 1922. „[Um] Landmörk íslenskrar orðlistar.“ *Morgunblaðið*, 22. september.
- Jakob Jóh. Smári. 1930. Ritdómur um *En Dag tilovers og andre historier* og *Svartfugl*. *Eimreiðin* 36 ár., 103.
- Jón Yngvi Jóhannsson. 2001a. Formáli. Sjá Gunnar Gunnarsson 2001.
- Jón Yngvi Jóhannsson. 2001b. „„Jøklens Storm svaledede den kulturtrætte Danmarks Pande.“ Um fyrstu viðtökur dansk-íslenskra bókmennta í Danmörku.“ *Skírnir* 175. ár (vor), 33-66.
- Ólafur Jónsson. 1978. „Bókmenntir og samfélag.“ *Skírnir*. 152. ár, 5-24.
- Kristinn E. Andrésson. 1979. „Kjarninn í verkum Gunnars Gunnarssonar.“ *Um íslenskar bókmenntir. Ritgerðir II*. Mál og menning, Reykjavík.
- Símon Jóh. Ágústsson. 1938. Ritdómur um *Svartfugl*. *Alþýðublaðið*, 21. des.
- Soffía Auður Birgisdóttir. 1999. „Bókmenntasaga, þýðingar og sjálfsþýðingar.“ *Andvari* 124. ár, 128-140.

- Sveinn Skorri Höskuldsson. 1978. „Um Svartfugl.“ Eftirmáli. Gunnar Gunnarsson. 1978. *Svartfugl*. Höfundur íslenskaði. Almenna bókafélagið [, Reykjavík].
- Þjóðskjalasafn Íslands. 2002 „Skjalasafn Landsyfirréttar 1803, mál nr. 3. Sjöundármál. Fyrsta yfirheyrsla yfir Bjarna Bjarnasyni og Steinunni Sveinsdóttur.“ Sótt 26. mars 2007 af http://www.skjalasafn.is/Syningar/skolavefur/sjounda_i_0000.html
- Þorleifur Hauksson. 2003. *Sagnalist. Íslensk stílfræði II – Skáldsögur 1850-1970*. Mál og menning, Reykjavík.